



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn 11. október 2006

Ákvörðun nr. 38/2006

### **Samruni Exista ehf. og VÍS eignarhaldsfélags hf.**

#### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

##### **1.**

Með bréfi Helgu M. Óttarsdóttur hdl., dags. 12. júní 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Exista ehf. (hér eftir Exista) og VÍS eignarhaldsfélags hf. (hér eftir VÍS eignarhaldsfélag). Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.<sup>1</sup> Samrunaskránni fylgdi kaupsamningur, dags. 30. maí 2006, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árin 2004 og 2005 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Um er að ræða kaup á 80,8% eignarhlut í VÍS eignarhaldsfélagi. Eftir kaupin eiga Exista og dótturfélag þess um 99,93% hlutafjár í VÍS eignarhaldsfélagi. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup Exista í VÍS eignarhaldsfélagi í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 10. júlí 2006, tilkynnti Samkeppniseftirlitið Exista að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests Samkeppniseftirlitsins til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

#### **II.**

#### **Niðurstöður**

##### **1.**

Í samrunaskránni kemur fram að Exista er eignarhaldsfélag um hluti í öðrum félögum, en meðal helstu eigna samstæðu Exista eru hlutabréf í Símanum hf., Bakkavör hf., Flögu Group hf. og Kaupþingi banka hf. Auk þess á félagið minni hluti í öðrum félögum. VÍS er eignarhaldsfélag um hlutabréf meðal annars í tryggingafélögum, Vátryggingafélagi Íslands hf., Lýsingu hf., Traustfangi hf. og

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Öryggismiðstöðinni hf. Auk þess á dótturfélag þess, Vátryggingafélag Íslands hf., lítinn hlut í Kaupþingi banka. Fyrirtækin starfa því á ólíkum mörkuðum.

Í ljósi þessara staðreynda telja samrunaaðilar að samruninn hafi ekki áhrif á samkeppni enda sé starfsemi annars vegar Exista og dótturfélaga og hins vegar VÍS eignarhaldsfélags og dótturfélaga ólík. Samrunaaðilar eigi enga hluti í fyrirtækjum sem séu í samkeppni á markaði og því sé ekki fyrirsjáanlegt að samruninn muni draga úr samkeppni eða mynda eða styrkja markaðsráðandi stöðu.

Í samrunaskránni kemur fram að stjórn Kaupþings banka muni leggja það til við hluthafafund að greiða um helming hlutfjár bankans í Exista sem arð í kjölfar skráningar Exista í Kauphöll Íslands auk þess sem bankinn muni selja hluta af eignarhluta sínum til fagfjárfesta. Langtímamarkmið bankans sé að hlutur hans í Exista verði óverulegur. Með samrunanum og arðgreiðslu sem fyrirhuguð sé hjá Kaupþingi banka verði til öflugt almenningshlutfélag með um 33.000 hluthafa.

Sameinað félag muni hafa meiri burði til þess að ráðast í stærri og viðameiri verkefni á erlendri grundu og skjóta frekari stöðum undir kjarnastarfsemi sína og auka þannig áhættudreifingu, m.a. með tilliti til rekstrar- og landsáhættu.

Í samrunaskránni segir að meginmarkmið samruns sé tvíþætt. Annars vegar sé markmið samrunans að mynda stærra og öflugra fyrirtæki sem verði betur í stakk búið að takast á við breyttar aðstæður á markaði hér á landi og stærri verkeni á alþjóðavettvangi. Hins vegar sé markmið samrunans að gera eignarhald gagnsætt og einfalt þar sem gagnkvæm eignartengsl VÍS eignarhaldsfélags, Exista og Kaupþings banka verði óveruleg.

Í samrunaskránni segir að Exista líti á fjárfestingu sína í VÍS eignarhaldsfélagi, og þar með dótturfélögum þess, sem langtímafjárfestingu. Engin áform séu um breytingar á verkefnum VÍS eignarhaldsfélags og/eða þeirra eftirlitsskyldu dótturfélaga sem starfa einkum á tryggingamarkaði. Sé því ljóst að áhrifa samrunans verði ekki vart á vátryggingamarkaði eða öðrum mörkuðum þar sem samrunanaðilar eða félög undir þeirra yfirráðum starfa. Áætlað sé að uppbygging VÍS haldist óbreytt í meginatriðum.

## 2.

### **Samkeppnisleg áhrif samrunans**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaður sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða slík staða styrkist.

Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að



taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Markaðsráðandi stöðu má ráða af ýmsum þáttum, sem ekki geta talist ráða úrslitum einir og sér.

Eins og fram kemur í samrunaskrá þá starfa Exista og VÍS eignarhaldsfélag, og tengd félög, á ólíkum mörkuðum og almennt fæst ekki séð að fyrir hendi séu samlegðaráhrif af samruna þessa máls sem geta haft neikvæð áhrif á samkeppni. Tengsl Exista við Símann kalla hins vegar á nánari umfjöllun.

Í samrunaskránni og öðrum gögnum kemur fram að eignarhlutur Exista í Símanum er 43,6% af hlutafé og eignarhlutur Kaupþings banka í Símanum er 29,4%. Exista á 21,1% hlutafjár í Kaupþingi banka. Er Exista stærsti hluthafinn í bankanum en nærst stærsti hluthafinn á 10,8% hlutafjár.<sup>2</sup> Einnig kemur fram í samrunaskránni að Kaupþing banki átti 20,9% hlutafjár í Exista, sem nú hefur lækkað í 10,5% og er yfirlýst að eignarhlutur bankans sjálfs í Exista verði óverulegur síðar á árinu. Meðal annars felst í þessari ráðstöfun að megin hluti þess sem eftir er af eignarhlut bankans í Exista verði greitt sem arður til hluthafa bankans að lokinni skráningu Exista í Kauphöll Íslands. Af þessu má draga þá ályktun að hagsmunir Exista og hluthafa í Kaupþing banka fari mjög saman í framtíðinni sem meðal annars getur varðað starfsemi Símans. Það er ljóst að mjög náið samstarf hefur verið í talsverðan tíma með Exista og Kaupþing banka sem jafna má við að þar fari tengdir aðilar. Þó svo að bankinn sé að minnka eignarhlut sinn í Exista er það mat Samkeppniseftirlitsins, með vísan í það sem að framan segir, að Exista og Kaupþing banki séu tengdir aðilar sem hafi sameiginlega hagsmuna að gæta varðandi eignarhlut í Símanum.

Samkvæmt þessu verður að telja að Exista, annað hvort sér í lagi eða sameiginlega með Kaupþingi banka, hafi yfirráð yfir Símanum í skilningi 4. gr. samkeppnislaga. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að þessi yfirráð verði til staðar að minnsta kosti þar til Síminn verður skráður í Kauphöll Íslands. Í söluferli Símans árið 2005, var skilyrt að skrá skuli Símann í Kauphöllinni eigi síðar en í árslok 2007 og að selja skuli að lágmarki 30% hlutafjár til almennra fjárfesta. Þar sem selja á 30% hlutafjár í dreifðri sölu má færa fyrir því rök að tæplega 44% eignarhlutur Exista, sem Samkeppniseftirlitið gerir ráð fyrir að haldist óbreytt fyrst um sinn eftir skráningu Símans, muni einn og sér, einnig fela í sér yfirráð Exista í Símanum.

Við samrunann eignast Exista meirihluta hlutafjár í Öryggismiðstöðinni. Tilgangur félagsins er öryggisgæsla, þar með talin fjargæsla, innflutningur, framleiðsla, sala og uppsetning á öryggis-, brunavarna-, slökkvi- og eftirlitsbúnaði og tækjum, þjófavarnarkerfum og tilheyrandi búnaði og rekstur öryggismiðstöðvar.

Á það ber að líta sérstaklega að núverandi fjarskiptakerfi, fastar línur og GSM sambönd, eru notuð við öryggisgæslu, sérstakleg fjargæslu. Kemur hér aðallega til fastlínukerfi Símans. Eins og fyrr segir er það mat Samkeppniseftirlitsins að Exista hafi yfirráð yfir Símanum og ljóst er að Öryggismiðstöðin er dótturfélag samrunaaðila. Af þessu leiðir að taka verður til athugunar hvort samruninn hefur

---

<sup>2</sup> Sjá [www.icex.is](http://www.icex.is)



samkeppnishamlandi áhrif á markaði fyrir öryggisgæslu og mögulega að einhverju leyti á markaði fyrir fjarskiptaþjónustu.

Samkeppniseftirlitið telur að landfræðlegur markaður fyrir öryggisþjónustu sé landið allt.<sup>3</sup> Í lang flestum málum sem tengjast fjarskiptaþjónustu á Íslandi sem komið hafa til skoðunar hjá samkeppnisyfirlöndum hefur landfræðilegur markaður verið skilgreindur sem landið allt.<sup>4</sup> Samkeppniseftirlitið telur ekki rök til þess að skilgreina hann á annan veg í þessu máli og telur að landfræðilegur markaður fyrir fjarskiptaþjónustu sé landið allt.

### 2.1. Staðan á markaði fyrir öryggisþjónustu

Samkvæmt samrunaskránni á VÍS eignarhaldsfélag um 52% hlutafjár í Öryggismiðstöðinni en ekkert í samkeppnisaðilum þess félags. Exista á ekki beinan eignarhlut í öryggisþjónustufyrirtæki fyrir samrunann. Af því leiðir þá hefur þessi samruni ekki áhrif á markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim markaði.

Samkvæmt gögnum sem eftirlitið hefur undir höndum þá var Öryggismiðstöðin með [ ]% hlutdeild í veltu á markaði fyrir öryggisþjónustu á Íslandi á árinu 2005 en Securitas er með [ ]% markaðshlutdeild.<sup>5</sup> Telst Securitas vera í markaðsráðandi stöðu á þessum markaði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2006 *Samruni Dagsbrúnar hf. og Securitas hf.* Einnig er efnahagsleg staða Öryggismiðstöðvarinnar veikari en helsta keppinautar þess. Samkvæmt þessu telur Samkeppniseftirlitið ljóst að samrunaaðiliar hafi ekki haft markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir öryggisþjónustu á Íslandi og breytist sú staða ekki við samrunann.

### 2.2. Staðan á markaði fyrir fjarskiptaþjónustu

Samkvæmt samrunaskránni er eignarhlutur Exista í Símanum 43,6%. Exista á ekki eignarhluti í keppinautum Símans. VÍS eignarhaldsfélag á ekki eignarhlut í Símanum né í keppinautum hans. Af þessu leiðir að þá hefur samruninn einn og sér ekki áhrif á markaðshlutdeild samrunaaðila á fjarskiptamarkaði.

Fjargæsla sem er einn þáttur öryggisþjónustu fer fram um fjarskiptakerfi landsins og koma þar sérstaklega til heimtaugar heimila og fyrirtækja og ef um er að ræða sumarbústaði þá fer fjargæslan aðallega fram um GSM farsímakerfi. Síminn hefur verið skilgreindur sem markaðsráðandi aðili á flestum eða öllum mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu.<sup>4</sup> Einna skýrustu er þessi markaðsyferráð Símans í heimtaugakerfinu sem í dag er að lang mestu leyti notað til fjargæslu. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samrunaaðilar séu með ráðandi stöðu á þessum markaði.

### 2.3. Niðurstaða

Af gögnum málsins er ljóst að við samrunann er ekki að myndast eða að styrkjast markaðsráðandi staða samrunaaðila á markaði fyrir öryggisþjónustu. Ekki fæst heldur séð að sú staðreynd að Síminn og Öryggismiðstöðin verði hluti af sömu

<sup>3</sup> Sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2006 *Samruni Dagsbrúnar hf. og Securitas hf.*

<sup>4</sup> Sbr. t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2005 „*Allt saman hjá Símanum*“.

<sup>5</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



fyrirtækjasamstæðu geti raskað samkeppni á þessum markaði. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn hafi ekki neikvæð samkeppnisleg áhrif á þeim markaði

Í ljósi aðstæðna á markaði fyrir öryggisþjónustu og stöðu Öryggismiðstöðvarinnar á þeim markaði verður að mati Samkeppniseftirlitsins ekki séð að samruninn sem slíkur styrki stöðu samrunaaðila á fjarskiptamarkaði.

Samruni Exista og VÍS eignarhaldsfélags er ekki láréttur samruni þar sem keppinautar hætta að keppa á tilteknum markaði. Þessar fyrirtækjasamstæður hafa í aðalatriðum starfað á mjög ólíkum mörkuðum. Athugun Samkeppniseftirlitsins bendir ekki til þess að samlegðaráhrif þessa samruna skapi aðgangshindranir að viðkomandi mörkuðum né að samkeppnisleg staða keppinauta skerðist við samrunann. Ekki fæst því séð að samruninn leiði til eða styrki markaðsráðandi stöðu.

Að öllu famansögðu virtu þá er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Exista og VÍS eignarhaldsfélags gefi ekki ástæðu til frekari aðgerða.

### III.

#### Ákvörðunarorð

**„Með samningi, dags. 30. maí 2006, keypti Exista ehf. allt hlutafé í VÍS eignarhaldsfélagi hf. Samningur þessi felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson